

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS  
28.11.2021 (#9 2021-2022)

Stjórnarfundur er haldinn kl. 17:00 á Zoom og hjá forseta.

Mættir eru **Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem mætir til fundar í gegnum fjarfundarbúnað og jafnframt ritar fundargerð, **Hákon Hrafn Sigurðsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Sædís Jónsdóttir, Rún Friðriksdóttir og Hákon Jónsson**, starfsmaður sambandsins.

*Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.*

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerðin er yfirfarin og samþykkt.

**2. Fjármál:**

Fram fer umræða um uppgjör rekstrarársins 2021. Gjaldkeri fer yfir stöðu ársins.

Einnig fer fram umræða um fjárhagsáætlun 2022. Rætt er um mikilvægi þess að leggja áherslu á hæfileikamótun og að aukið fjármagn fari í þann málaflokk.

**3. Guðlaug Edda**

Fram fer umræða um næsta æfingartímabil Guðlaugar og fjárhagslegan stuðning ÞRÍ. Stefnt að því að auka fyrirsjáanleika í fjárhagslegum stuðningi við Guðlaugu.

**4. Upplýsingarmál, ráðning**

Fram fer umfjöllun um auglýsingu eftir aðila til að annast upplýsinga- og samskiptamál ÞRÍ.

**5. Þing ÞRÍ 2022**

Stefnt að því að þinggögn verði send um miðjan febrúar 2022 en þing verður haldið tveimur vikum síðar. Ákveðið að auglýsa þingið vel á vefsíðu sambandsins.

**6. Reglu- og lagabreytingar**

Farið yfir vinnu við breytingar á lagalegri umgjörð sambandsins. Breytingar á lögum og nýjar reglugerðir verði tilbúnar í lok desember og sendar út sem þinggögn fyrir næsta þríþrautarþing.

**7. Önnur mál**

Rætt um myndun afrekshóp sem æfir eini sinni á mánuð saman og tvisvar á ári verður haldin æfingarhelgi. Félagin beðin um að tilnefna aðliða.

Fundi slitið kl. 18.40